

3. Tekjur sjóðsins skulu vera: A, 4% af óskiptum aðgangseyri frá mótum og sýningum á vegum deildarinnar. B, með happdrætti, dansleikjahaldi o. fl.
4. Bætur úr sjóðnum geta orðið tvennskónar: A, dagpeningar, B, sjúkrakostnaður. Dagpeningar greiðast því aðeins að hinn slasaði verði af launum vegna slyssins og þá frá og með þeim degi þegar launatekjur hans falla að fullu niður, enda eigi hann ekki rétt til dagpeninga frá öðrum tryggingaraðila. Stjórn sjóðsins ákveður dagpeninga hverju sinni og hversu lengi skal greiða þá. Sjúkrakostnaður sá sem sjóðurinn greiðir er sá kostnaður eða hluti af kostnaði, sem af slysinu leiðir og ekki fæst greiddur af sjúkrasamlagi eða af öðrum aðilum. Við greiðslu dagpeninga og sjúkrapeniga skal stjórn sjóðsins hafa greiðslugetu sjóðsins í huga.
5. Höfuðstóll sjóðsins skal vera 100 000.00 kr. Og hann má ekki skerða.
6. Sjóðinn má ávaxta með kaupum á Ríkistryggðum skuldabréfum, í bönkum eða sparissjóðum og með annarri öruggri tryggingu.
7. Sjóðnum skal heimilt að eignast öryggistæki er viðkoma deildinni.
8. Þeir meðlimir deildarinnar sem óska eftir greiðslu úr sjóðnum skulu framvísa læknisvottorði eða reikningum fyrir sjúkrakostnaði. Stjórn sjóðsins er heimilt að fara fram á læknisvottorð á hvaða tíma sem er.
9. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur deildarmeðlimum, formanni, gjaldkera og ritara. Einn stjórnarmanna Júdódeildar U. M. F. K. skal vera sjálfkjörinn í sjóðsstjórn, en tveir skulu kosnir á aðalfundi sjóðsins, sem skal vera einu sinni á ári, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Aðalfund skal halda um sama levti og aðalfund Júdódeildar U. M. F. K.
10. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
11. Verði sjóðurinn lagður niður, skal höfuðstóll og öll verðmæti sjóðsins renna til Ungmennafélags Keflavíkur til styrktar starfsemi þess.

Nr. 339.

25. júlí 1977.

AUGLÝSING

um sérlyf sem tekin eru af sérlyfjaskrá.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að eftirtalin sérlyf verði tekin af sérlyfjaskrá frá og með 1. september 1977:

Entero-Vioform, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 38.

Mexaform, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 48.

Siogen, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 79.

Heimilt er að afhenda úr óseldum birgðum lyfjanna til og með 30. september 1977.

Frá og með 1. okt. 1977 verður óheimilt að ávís, selja eða afhenda eftirtalin lögboðkarlyf:

Mixtura jodchloroxichinolini DAK.

Tablettae jodchloroxichinolini 0.25 g DAK.

Solublettae chiniofoni 0.25 g Nord.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. júlí 1977.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Helga Vilhjálmisdóttir.